

Ungir myndhöggvarar

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Kjarvalsstaðir hafa nú tekið umtalsverðum breytingum, sem hafa aukið möguleika á nýtingu rýmisins í miðhluta hússins. Kaffistofan hefur verið færð til, er nú minni og þægilegri en áður, en í staðinn opnast stórt rými í miðri byggingunni, sem áætlanir eru um að nota á fjölbreyttan hátt í framtíðinni.

Í tilefni breytinganna hafa nú verið opnaðar fjórar nýjar og ólíkar sýningar í húsinu, og eru allar fyllilega þess verðar þess að fá sjálfstæða umfjöllun.

Fyrst ber að nefna að í vestursal stendur yfir samsýning fjögurra ungra listamanna, sem allir hafa helgað sig hinu þrívíða verki, höggmyndinni. Hér eru á ferðinni þau Íris Friðriksdóttir, Kristján Steingrímur, Ólafur Gíslason og Ragnar Stefánsson, en þau eru öll fædd í kringum 1960 og heyra því til yngstu kynslóð íslenskra listamanna. Þau hafa hvert um sig verið að hasla sér völl í myndlistinni í sýningarhaldi nokkur undanfarin ár og hafa haldið athyglisverðar einkasýningar í smærri sýningarsölum á síðustu tveimur árum. Það er því vel við hæfi hjá þeim að slá saman í þessa samsýningu, sem býður upp á gott sýnishorn af því sem ungar myndhöggvarar eru að fást við í dag.

Það fyrsta sem verður að nefna er að hér er skilgreining höggmynd-

arinnar teygð til hins ýtrasta. Hér er ekki um að ræða höggmyndir í hinum hefðbundna skilningi orðsins, heldur verk unnin í málma, steypu og tré, auk þess sem rafmagn gegnir stóru hlutverki í tveimur þeirra; það er eðli efnisnotkunarinnar sem öðru fremur setur þessi verk í þann flokk listaverka, sem nefnist höggmyndir í íslensku máli.

Ragnar Stefánsson sýnir tvö verk, sem hann nefnir „Byggingarkerfi fyrir myndlist“. Þessi verk eru sett saman úr einingum, sem eru ætíð í lóðréttu eða láréttu sambengi við aðrar einingar; þannig er möguleiki til að taka þær út úr heildinni og raða saman í nýjum, sjálfstæðum verkum, allt eftir þörfum eða óskum hvers og eins. Í miðhluta hvernir einingar er að finna merki, slagorð eða orðaleiki (t.d. „This is not a statement“) þannig að ný uppröðun býður ætíð upp á nýtt sambengi. Þessi verk Ragnars eru í beinu framhaldi af því sem hann sýndi í Gallerí einn einn á síðasta ári, og er líklegt að hann eigi eftir að finna fleiri skemmtilega möguleika í þessum málmformum á næstu árum.

Íris Friðriksdóttir á hér þrjú verk, þar sem hún teflir fram andstæðum. Í verkunum „Hiti“ er um að ræða andstæður máls og rafmagns, þar sem verkin bjóða upp á brunahættu, um leið og þau hafa til að bera sjónrænt snertigildi; listakonan leikur þannig markvisst við hina gömlu kenningu að listin geti verið hættuleg. Jafnframt sýnir hún „Blóm í steypu“ þar sem hið lífræna og bjarta tekst á við hið kalda og gráa, en þessar hellur heppnast síður, e.t.v. vegna þess hve kirfilega blóm in eru unnin í steypuna.

Kristján Steingrímur sýnir sjö listilega unnin verk í ál, sem hafa verið gerð með silkiprýkki, olíu og sandblæstri. Í hverju þeirra takast á andstæður hinna einföldu, hreinu, stærðfræðilegu forma annars vegar og lífrænni forma (t.d. skelja, krabba, hljóðfæra) hins vegar; litnotkun er einnig afar markviss. Þessi verk Kristjáns Steingríms eru einkar grípanði og er vert að benda sérstaklega á myndir nr. 9 og 12. Ólafur Gíslason varð nýlega þess

heiðurs aðnjótandi að vera valinn fyrsti ungi myndhöggvarinn til að hljóta viðurkenningu úr sjóði Richards Serra, sem stofnaður var í sambandi við Listahátíð í Reykjavík 1990, þegar Serra setti upp mikið umhverfisverk í Viðey. Ólafur fjallar í verkum sínum mikið um grundvöll listarinnar og nýtir til þess hin klassísku form sem við höfum sífellt í kringum okkur án þess að veita þeim sérstaka eftirtekt. Nokkur af verkum hans hér hafa sést á öðrum sýningum hans á þessu ári, en eru jafnáhugaverð fyrir það; í þeim kemur fram finleg kímni og ábending um hið hversdagslega í umhverfi okkar. Í þessu sambengi má benda á „Reykjavík, N.Y., Kaupmannahöfn, Hamborg og Amsterdam“ og „Listaverk fyrir kaffivél, öskubakka o.fl.“, auk þess sem „Minnisvarði um afskorin blóm“ er afar vel ígrundað verk!

Í heild er hér á ferðinni skemmtileg sýning á fjölbreyttum listaverkum, þar sem listamennirnir ná að sýna sínar bestu hlíðar. Þessir sýn-



Listamennirnir (frá vinstri) Ragnar Stefánsson, Íris Friðriksdóttir, Ólafur Gíslason og Kristján Steingrímur.

ing ber gott vitni um þá grósku sem er að finna á þessu sviði myndlistarinnar um þessar mundir, og er vonandi að sem flestir notfæri sér tækifærið til að fylgjast með því sem

efnilegt ungt listafólk er að fást við í dag.

Sýning fjórmenninganna í vestursal Kjarvalsstaða stendur til sunnudagsins 13. september.

KAMMERTÓNLEIKAR

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Þrjú tónleikar UNM voru haldnir í Listasafni Íslands sl. þriðjudag. Efnisskráin var margbreytileg en hún hófst og henni lauk með leik Blásarakvintetts Reykjavíkur. Fyrsta verkið var Soulmining, eins konar sálar-könnun í þremur köflum, fyrir blásarakvintett. Verkið hefst á eintónun en smám saman leita raddirnar út frá þungamiðjútónunum og var því tónferlið í raun mjög staðbundnið. Það var töluverð stemning, sem nálgadist dulúð í miðkafnanum. Verk þetta er á engan hátt frumlegt en naut þess hve vel það var flutt af Blásarakvintett Reykjavíkur.

Þrjú íslensk verk voru flutt og það fyrsta, Intermezzo undir regnboganum, einleikur á fagott, eftir Hrafnkel

Orra Egilsson (f. 1974), var ágætlega flutt af Halldóri Í. Gylfasyni. Þetta er saklaust verk, tónalt og temtískt unnið. Eftir Elínu Gunnlaugsdóttur var flutt sex þátta verk, sem hún kallar Eitthvað fallett. Það er fyrir sópranróð (Hlín Pétursdóttir), flautu (Kolbeinn Bjarnason) og gítar (Uwe Eschner) og skiptast á samleiksbættir og söngur við þrjú japönsk ljóð. Ekki er þess getið í efnisskrá hver þýddi ljóðin. Nafnið á vel við þetta verk, því það er fallett, sérstaklega söngbættirnir. Nokkuð mátti heyra af þrjú þáttum vinnubrögðum, einkum í fyrsta þættinum, og var þetta ljúfa verk ágætlega flutt. Síðasta íslenska verkið nefnist Studio og er eftir Þuríði Jónsdóttur. Studio, samið fyrir ísambal, er skýrt í formi og er mikið unnið úr tónhugmyndum, sem birtast í brotnu hljómaferli, trillum og þéttum hljómkjösum, sem eiga sér sterka svörin í hljóman sembalsins. Þetta er vel gert verk og var ágætlega flutt af Guðrúnu Óskarsdóttur.

Viðamestu verkin voru tvö finnsk

tónverk, samnin fyrir selló en flytjandi beggja verkanna var efnilegur sellisti, Jukka Rautasalo að nafni. Fyrra verkið kallar höfundurinn Glennur, en hann heitir Hannu Pohjannoro. Seinna verkið, Ingrep II, er eftir Markus Fagerudd. Bæði verkin eru að svipmóti eða stíl mjög lík, ekki frumleg (í anda stjórndandi módernisma) en feikivel samín og ekki var minna vert um ágætan flutning Rautasalo.

Tónleikumum lauk með „Vier Widmungen für Bläserquintett“ eftir Klaus Ib Jörgensen. Verkið hefst á hreinni ferund, tónbili sem gengur í gegnum allt verkið, auk þess sem leikið er með tvíundir og þríundir í allskonar þverstæðum skipunum. Verkið, sem vart verður talið frumlegt en ágætlega samið, var stórlegt flutt af Blásarakvintett Reykjavíkur. Síðasta tileinkunin endaði óvænt með eftirlíkingu á „-- habe Dank“, niðurlaginu á Zueignung eftir Strauss, þar sem stökkid er upp um stóra sexund (so-mí) og endað á dúrhljómi.

POPS
25 ára

Á HÓTEL ÍSLANDI DAGANA
11., 12. OG 18., 19. SEPT. 1992
BORDAPANTANIR Í S: 687111

HÓTEL ÍSLAND

Viðskiptavinir fasteignasala

Við viljum vekja athygli á því að
Fasteignablað Morgunblaðsins kemur
framvegis út á föstudögum
og flestar fasteignasölur

hafa símatíma á
milli kl. 10 og 14
á laugardögum



FÉLAG FASTEIGNASALA

Hátúni 2b sími 62 40 77

HÁTÚN

FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10

Ábyrgð - Reynsla - Öryggi
Hilmar Valdimarsson.

SÍMAR: 687828 OG 687808
BREKKUBÆR

Til sölu vel staðsett raðhús á þremur hæðum, samtals 250 fm auk bílsk. lúðaraðstaða í kj.

BREKKUBYGGÐ

Til sölu raðhús á tveimur hæðum, samt. 90 fm. Á efri hæð er stofa og eldh. Á neðri hæð eru 2 góð herb., sjónvhol, bað og þvottaherb. Bílsk. fylgir. Laust nú þegar.

DALSEL

Til sölu 4ra herb. 106 fm íb. á 1. hæð. Staði í Jokuðu bílahúsi fylgir. Hagst. lán áhv. Laus nú þegar.

BARMAHLÍÐ

Til sölu glæsill. 4ra herb. 107 fm efri hæð í 4ra íb. húsi. Nýtt eldhús. Nýtt bað. Tvennar svalir. Góð lán áhv.

GRÆNAHLÍÐ

Til sölu góð 4ra herb. 114 fm íb. á 3. hæð m. 29 fm bílsk. Arinn í stofu. Tvennar svalir. Fallegur garður. Mjög góð lán áhv.

STELKSHÓLAR

Til sölu mjög góð 4ra herb. 100 fm íb. á 1. hæð, sérgarður.

RÁNARGATA

3ja herb. 60 fm íb. á 1. hæð. Sérinnng. Verð 5,0 millj. Góð lán áhv.

UGLUHÓLAR

Vorum að fá í sölu fallega 3ja herb. 70 fm íb. á 3. hæð. Laus strax.

BERGSTAÐASTRÆTI

Vorum að fá í sölu hæð og ris í litlu tímurbúsi. Á hæðinni eru 2 herb., stofa, eldh. og bað. Gott verð.

GRETTISGATA

Til sölu ný og fullb. 100 fm íb. á 1. hæð. Tvö einkabílast. fylgja. Gott verð.

ESKIHLÍÐ

2ja herb. 70 fm íb. í kj. Sérinnng. Laus nú þegar.

Hilmar Valdimarsson,
Sigmundur Böðvarsson hdl.,
Brynjar Fransson.

SÖNGSMÍÐJAN AUGLÝSIR:

NÚ GETA
ALLIR LÆRT
AÐ SYNGJA!
NÁMSKEIÐ FYRIR UNGA SEM ALDNA,
LAGLAUSA SEM LAGVÍSA.

Eldri nemendur, kynnið
ykkur vetrardagskrána.

Hugsanlega verða sér
námskeið fyrir laglausa.

EINSÖNGSNÁM: Lögð er áhersla á
söngtækni sem skilar árangri og sterkri
tilfinningu fyrir ljóði og lagi.

Stefnt að skólauppsættningu í vor
á verkefnum vetrarins.

NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN: Tónlist
og myndlist. Nánar auglýst síðar!

Kennarar: Esther Helga Guðmundsdóttir, söngur,
Guðbjörg Sigurjónsdóttir, undirleikur,
og Dröfn Guðmundsdóttir, myndlist.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 654744
VIRKA DAGA FRÁ KL. 9.00 - 13.00.